

STE-0009

Stefna um erlenda starfsemi Landsvirkjunar

1. Inngangur

Tilgangur stefnu um erlenda starfsemi Landsvirkjunar er að setja fyrirtækinu leiðsögn og ramma um hvernig áframhaldandi þróun erlendar starfsemi er háttað.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefna þessi á við um Landsvirkjun.

3. Hugtakaskilgreiningar

Á ekki við.

4. Stefna

Landsvirkjun býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af þróun og rekstri vatnsafls- og jarðvarmavirkjana sem spurn er eftir utan Íslands. Erlend starfsemi Landsvirkjunar styður við framtíðarsýn fyrirtækisins um sjálfbærar heim, knúinn endurnýjanlegri orku. Við nýtum þekkingu okkar og reynslu erlendis með sjónarmið loftslagsaðgerða, samfélagslegra framfara og efnahagslegs ávinnings að leiðarljósi.

Í erlendi starfsemi sér Landsvirkjun tækifæri til að vaxa á nýjum mörkuðum, auka virði fyrirtækisins og hækka arðgreiðslur til lengri tíma, minnka safnáhættu, afla tengsla og þekkingar sem nýst geta á Íslandi og auka hæfi fyrirtækisins til að laða að framúrskarandi starfsfólk þar sem vinnustaðurinn verður áhugaverðari og alþjóðlegri.

Í erlendi starfsemi Landsvirkjunar verða í forgangi þróunarverkefni og fjárfestingar tengdar vatnsafl, vindorku og jarðvarma. Slík verkefni á norðurslóðum, sér í lagi í Kanada og á Grænlandi, verða í forgangi. Stefnt verði að því að fjárfesta í endurnýjanlegri raforkuvinnslu erlendis sem samtals nemí allt að 350 MW af uppsettum aflum í eigu Landsvirkjunar fyrir árið 2045. Fyrir árið 2035 sé stefnt að því að fjárfesta í endurnýjanlegri raforkuvinnslu erlendis sem samtals nemí allt að 100 MW af uppsettum aflum í eigu Landsvirkjunar.

5. Mælikvarðar

- Uppsett afl erlendis í eigu Landsvirkjunar¹ (MW)
 - Markmið: Allt að 100 MW til ársins 2035 og allt að 350 MW til ársins 2045
- Eignir erlendis (USD)
- Eiginfjárarðsemi erlendra fjárfestinga (%)
- Forðuð losun (tCO₂)

¹ Afl hvers hlutur af öllu uppsettum aflum af listöðvar nemur því sama og eignarhlutur Landsvirkjunar í viðkomandi aflstöð. T.d. ef eignarhlutur Landsvirkjunar er 50% í 10 MW aflstöð þá telst uppsettum aflum í eigu Landsvirkjunar í þeirri aflstöð vera 5 MW.



6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu stefnunnar.

Erlend starfsemi skal ekki koma niður á starfsemi fyrirtækisins á Íslandi sem er í forgangi þegar kemur að bæði fjármagni og starfskröftum.

Hver fjárfesting erlendis skal uppfylla sambærilegar kröfur og Landsvirkjun gerir á Íslandi hvað varðar arðsemi, áhættu, sjálfbærni, umhverfismál og siðferði.

Hver fjárfestingarákvörðun erlendis skal koma til umfjöllunar og samþykktar hjá stjórn Landsvirkjunar líkt og fjárfestingar á Íslandi.

7. Upplýsingagjöf

Forstjóri upplýsir stjórn á 6 mánaða fresti um stöðu erlendar starfsemi fyrirtækisins, áætlun um komandi fjárvísl og fjárfestingar og árangur af stefnu þessari almennt, þ.m.t. stöðu mælikvarða.

8. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

13. september 2024

Stjórn Landsvirkjunar

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature reads 'Þórir Þórhallsson'. Below it is another signature that appears to be 'Guðrún Ólafsdóttir'. At the bottom is a signature that appears to be 'Alfreður Þráinsson'.